

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 5. apríl 2023

Mál nr. S-65/2023:

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Kjartani Gunnarsyni

(Andrés Már Magnússon lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, dagsettri 10. febrúar 2023, á hendur Kjartani Gunnarsyni, kt. [...], [...], [...]

„fyrir ofbeldisbrot í nánu sambandi, en til vara líkamsárás og hótanir, með því að hafa laugardaginn 2. júlí 2022, á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð fyrrverandi unnustu sinnar Y, kt. [...], með því að hafa ofangreindan dag ráðist að henni fyrir utan bifreið hennar á bifreiðastæði við [...], skammt frá [...], tekið utan um hana með þeim afleiðingum að þau féllu í jörðina, þar sem ákærði settist ofan á brotþola og hafa gripið um háls hennar og hert að og tekið fyrir munn hennar til að hindra hana í að kalla á hjálp. Í þessum átökum var ákærði með hníf og hótáði að skera hana á háls.

Í átökunum missti brotþoli þvag og hlaut líkamlega áverka sem voru eftirfarandi:

- Andlit: Sár ofarlega á kinnsvæði og tvö punktsár í línu miðlægt við og roða sem fylgdi vinstri augabrún.
- Háls: Roða og bólgu undir kjálkabarði sem nær niður á háls.
- Hægri upphandleggur: Fjóra marbletti miðlægt á upphandlegg.
- Hægri framhandleggur: Marblett af stærð 25x20 nærlægt á framhluta framhandleggs, 25 mm skrámu yfir nærhluta sveifar og sár á úlnlið ásamt punktlaga skrámu.
- Hægri hönd: 10 mm skrámu á þumli.
- Vinstri upphandleggur: 20x20 mm marblett hliðlægt og 15x10 mm marblett miðlægt.
- Kviður: 20x10 mm marblett ofan við mjaðmakamb hægra megin og tvo marbletti 30x35 mm og 50x40 mm vinstra megin á mjóbak.

8. Brjóstkassi: Tvo samhangandi marbletti á hægri hlið og tvo marbletti hliðlægt neðarlega á vinstra brjósti.

9. Hægri fótleggur: Marblett yfir skölflungi[svo] og roðablett á hægri hné.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

2. Ákærði neitar sök og krefst sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Loks krefst ákærði hæfilegra málsvarnarlauna verjanda sínum til handa sem greidd verði úr ríkissjóði.

Málsatvik og sönnunarfærsla

3. Samkvæmt frumskýrslu og öðrum gögnum málsins barst lögreglu tilkynning laugardaginn 2. júlí 2022 kl. 16:17 um líkamsárás ákærða á fyrrum maka sinn, brotþola í máli þessu sem væri að aka að heimili sínu. Er lögreglumenn komu að heimili brotþola, sem reyndist vera tilkynnandi, hafi hún setið undir stýri í bifreið sinni við inngang hússins og verið í miklu uppnámi. Hún hafi viljað ræða við lögreglu í bifreið sinni þar sem synir hennar væru heima og hún óttaðist um öryggi þeirra, auk þess sem hún hafi ekki viljað að þeir myndu sjá hana í svo miklu uppnámi og yrðu vitni að frásögn hennar. Í máli hennar hafi komið fram að hún hafi verið að sinna [...] við [...]. Er hún hafi verið að gera sig tilbúna til að fara til baka að vinnu lokinni hafi ákærði, fyrrum unnusti hennar, stökkið skyndilega úr skóginum og komið í áttina að henni. Hún hafi orðið mjög undrandi á að hann hafi vitað af henni þarna þar sem hún hafi ekki talað við hann í nokkra daga á undan og hún hafi verið í garðinum í um 3 klukkustundir án þess að verða hans vör. Ákærði hafi verið ógnandi og reynt að komast inn í bifreið hennar og hún þá séð hann halda á hnífi. Hann hafi krafist þess að aka bifreiðinni. Hún hafi neitað því þar sem hún hafi ekki viljað fá hnífinn inn í bifreiðina og upplifað að hún væri ekki örugg. Hún hafi því stigið út úr bifreiðinni til að ræða við ákærða. Hún hafi spurt hvernig hann hafi vitað af henni þarna og hvers vegna hann væri með hníf. Hann hafi þá sagst hafa fylgst með henni í einhvern tíma og að hann ætlaði að drepa hana. Í skýrslu lögreglu kemur fram að erfitt hafi reynst að greina nákvæma tímaröð atvika, þar sem brotþoli hafi verið í miklu uppnámi. Hún hafi þó getað lýst því hvað hafi gengið á. Ákærði hafi ógnað henni með hnífnum, haldið honum á lofti, en svo stungið honum í jörðina eftir að brotþoli hafi sagst elska hann og minnt hann á að hann elskaði hana. Ýmis orðaskipti hafi átt sér stað og m.a. hafi ákærði hótað að fremja sjálfsvíg sem brotþoli yrði gerð ábyrg fyrir. Hún hafi reynt að róa hann og höfða til samvisku hans til að losna úr aðstæðunum. Ákærði hafi rífið í hana, gripið í bol hennar og náð á henni kverkataki og þrengt að hálsi hennar svo hún hafi ekki náð andanum. Hún hafi verið viss um að hann myndi drepa hana. Hún hafi skyndilega fengið kraft til að berjast fyrir lífi sínu og hafi reynt að pota í augun á ákærða og náð að bíta í fingur hans og losa sig undan honum.

- 4 Ákærði hafi allt í einu orðið niðurlátur, beðið hana fyrirgefningar og tjáð henni ást sína. Hún hafi svarað á sama veg. Á meðan á þessu stóð hafi hún verið í svo miklu uppnámi að hún hafi misst þvag og sagt ákærða frá því. Hann hafi þá lagt teppi í öikumannssæti bifreiðar hennar svo hún myndi ekki bleyta sætið. Hann hafi viljað fá að fara með henni, en hún neitað og hann loks haldið á brott. Hún hafi byrjað að hágráta og skjálfa, en loks náð að hringja í Neyðarlínuna.
- 5 Brotapoli hafi greint frá því að ákærði hafi verið unnusti hennar um þriggja ára skeið, en þau hafi ekki búið saman. Þau hafi verið sundur og saman mánuðina fyrir atvikið. Föstudaginn 24. júní 2022 hafi hún tjáð honum að hún þyrfti rými frá sambandinu og hann þá yfirgefið heimili hennar mjög ósáttur. Hann hafi sent henni fjölda skilaboða og hringt mikið í kjölfarið og hún endað á að loka á símanúmer hans. Hún hafi þó ekki séð ákærða eftir þetta fyrr en hann hafi birst við [...] 2. júlí.
- 6 Í framhaldinu var ákærði handtekinn stöðvaður á bifreið sinni á leið til [...] kl. 17:13, handtekinn og vistaður í fangaklefa.
- 7 Lögreglumenn voru sendir til leitar í [...] að meintum hnífi ákærða kl. 16:17 umræddan dag. Hnífurinn fannst ekki þrátt fyrir að lögreglumenn hafi sjónleitað og leitað með málmleitartæki í um klukkustund á þeim stað þar sem brotapoli sagði ákærða hafa hent hnífnum í skóglendi eftir átök þeirra. Samkvæmt upptöku af símtali brotapola við Neyðarlínu var um stóran búrhlíf að ræða.
- 8 Í málinu liggur fyrir áverkavottorð A, sérfræðings í bráðalækningum, sem unnið er upp úr sjúkragögnum SAK um komu brotapola á bráðamóttöku 4. júlí 2022. Kemur fram í vottorðinu að brotapoli hafi leitað á bráðamóttöku daginn áður í samráði við lögreglu. Henni hafi verið vísað þaðan á heilsugæslu en þar hafi karlkyns læknir tekið á móti henni sem henni hafi þótt óþægilegt og því ekki treyst sér í skoðun. Hún hafi því komið að nýju á bráðamóttökuna 4. júlí. Í vottorðinu kemur fram að við skoðun hafi ekki verið að sjá marbletti eða sár á höfði. Eyrnabarð hægra eyra hafi verið rautt, en eðlilegur litur á því vinstra. Í andliti hafi verið 10x1mm sár ofarlega á kinnsvæði og tvö punktsár í línu miðlægt við. Roði hafi fylgt vinstri augabrún, 20mm að lengd. Roði og bólga hafi verið á vinstra kjálkabarði og náð niður háls. Fjórir marblettir hafi verið á hægri upphandlegg, grá/fjólubláir í miðju en brúnir ljósar. Á hægri framhandlegg hafi verið einn marblettur og 25mm skráma yfir nærhluta sveifar, auk 3mm sárs á úlnið ásamt punktlaga skrámu. Nagförl hafi verið á öllum á öllum fingrum beggja handa. Skráma hafi verið yfir hægri þumli. Á vinstri handlegg hafi verið tveir marblettir, annar daufur en hinn grár með gulri brún. Á kviði hafi verið daufur marblettur grár/gulur 20x10mm að stærð. Tveir marblettir hafi verið vinstra megin á mjóbaki, báðir fjólubláir og rauðleitir, annar með skarpar útlínur en hinn ekki. Á brjóstakassa hafi verið tveir samhangandi marblettir á hægri hlið. Tveir marblettir neðarlega hliðlægt á vinstra brjósti, annar dauf grá/fjólublár, en hinn dekkri fjólublár. Á hægri fótlegg hafi verið daufur marblettur yfir sköflung nærlægt miðju. Roðablettur hafi verið á hægri hné.
- 9 Ljósmyndaskýrsla sem sýnir myndir af framangreindum áverkum er á meðal gagna málsins.

Skýrslur fyrir dómi

- 10 Fyrir dómi gáfu skýrslur auk ákærða, Y, brotþoli, lögreglumaður nr. B, og A sérfræðingur í bráðalækningum. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra að því marki sem þýðingu hefur.
- 11 *Ákærði*, kvað þau brotþola hafa verið í sambandi í um tvö og hálf ár. Þau hafi trúlofað sig um ári áður en atvik málsins gerðust. Brotþoli hafi slitið sambandinu, án skýringa, um 10 dögum áður. *Ákærði* kvaðst hafa átt muni hjá brotþola sem hann vildi nálgast, en hún hafi ekki svarað honum. Hann hafi farið í [...], þar sem hann hafi þekkt venjur brotþola og átt von á að hún gæti verið þar. Hann hafi sest niður í um 5 metra fjarlægð frá brotþola án þess að gera vart við sig, hann hafi viljað leyfa henni að ljúka því sem hún var að gera. Hann hafi vitað að hún myndi ekki opna fyrir honum ef hann myndi banka upp á heima hjá henni. Hún hafi séð hann. Hún hafi síðan tekið dót sem hún hafi verið með, gengið að bíl sínum og farið að ganga frá því. Hann hafi þá gengið að bílnum og spurt hvort þau gætu talað saman. Hún hafi brugðist illa við, ýtt við honum og æpt upp. Hann hafi þá tekið í hendina á henni og faðmað hana. Hún hafi tekið því illa og þau hrasað. Hann hafi snúið sér við og sest ofan á hana og lagt hendina fyrir munn hennar til að fá hana til að hætta að öskra. Hann hafi haldið laust, að sínu mati, fyrir munn hennar. Hann hafi viljað reyna að róa hana svo þau gætu talað saman. Hún hafi nartað í fingur hans og þá hafi hann staðið upp og farið í burtu. Hann hafi þá upplifað að hún væri hrædd. Hún hafi þá staðið upp, tekið utan um hann og sagt „bless“ þegar hann kvaddi.
- 12 *Ákærði* kvaðst aldrei hafa tekið um háls brotþola og ekki verið með hníf. Ekkert hafi komið upp í sambandi þeirra sem hafi gefið brotþola tilefni til að óttast ákærða.
- 13 *Ákærði* kvaðst ekki hafa stigið óboðinn upp í bíl brotþola, eins og fram komi í lögregluskýrslu. Hann neitaði að svara því hvers vegna þetta sé eftir honum haft í lögregluskýrslunni. *Ákærði* kvaðst ekki muna til þess að hún hafi nefnt að hún hafi misst þvag í átökunum.
- 14 *Ákærði* kvaðst enn upplifa það þannig að brotþoli hafi átt upptökin, eins og hann tjáði lögreglu. Þó kannist hann við að hún hafi sagt að hún vildi ekki tala við hann. Hann hafi hins vegar átt hjá henni muni sem hann hafi þurft að nálgast og hún einnig átt muni hjá honum, því hafi þau þurft að ræða saman um hvernig ætti að standa að því.
- 15 *Y, brotþoli*, kvaðst hafa slitið sambandi aðila viku áður en atvik málsins urðu. Hún hafi reglulega farið í [...] og *ákærði* getað átt von á að hún væri þar. Hún hafi verið búin að loka á hann á samfélagsmiðlum, en hann hafi mikið reynt að ná sambandi við hana. Hún hafi verið orðin hrædd við ákærða. Er hún hafi verið að ganga frá og setja teppi í bílinn hafi *ákærði* birst skyndilega fyrir framan bílinn er hún var að setjast þar inn. *Ákærði* hafi verið með bakpoka. Hann hafi spurt hvort þau gætu rætt saman, en hún beðið hann að láta sig í friði og sagst hafa endað samband þeirra. Hann hafi þá sett töskuna inn í bílinn og dregið upp stóran búrhníf, hún hafi spurt hvað hann væri að gera og reynt að fara út úr bílnum. Hann hafi þá rífið í bol hennar, en hún náð að rífa sig lausa og farið út. Hann hafi verið snöggur að loka hurðinni. Hún hafi séð konu vera að [...], horft í átt til hennar og öskrað. *Ákærði* hafi gripið fyrir munn hennar og sagt henni að koma og tekið utan um

hana og haldið henni. Hún hafi spurt ákærða hvað hann væri að gera með hnífinn. Þau hafi borist aftur fyrir bílinn og þau bæði dottið í grasið, en þar sé halli. Þau hafi barist um þar. Hún hafi verið á fjórum fótum í grasinu og verið í einhverjum slagsmálum við hann. Hún hafi „pissað á mig“ og „kallað á hjálp frá mömmu“, sem hafi dáíð í janúar það ár. Ákærði hafi verið tryllingslegur í framan og reynt að kyrkja hana. Hún haldi að hann hafi notað báðar hendur, en verið geti að það hafi verið ein hendi. Hún hafi ekki verið með mar á hálsinum, en bólgu. Hún hafi verið „að fara“ og viti ekki hvernig henni hafi tekist að stöðva hann. Hann hafi staðið upp og reynt að fá hana til að ræða við sig. Hún hafi neitað því og sagst vera að reyna að jafna sig. Hún gæti ekki talað við hann ef hann væri með hníf. Hann hafi stungið hnífnum í grasið. Það hafi verið eftir að hann stóð upp. Hún hafi óttast að fara í bíl með honum og óttast að hann gæti ekið með þau út í sjó. Hann hafi þá sagst „klára þetta bara hér“ og bætt við að hann myndi þá skera hana á háls þarna. Hún hafi sagt að hann gæti ekki gert þetta „við konu sem þú ert búinn að segjast elska í tvö og hálf ár“. Hann hafi þá sest niður og spurt „hvað er ég búinn að gera?“. Hann hafi síðan sótt teppi og sett í bílsæti hennar. Hún hafi sagst ætla að fara heim. Hann þyrfti að fá sálfræðiaðstoð, en hann hafi sagt það ekkert gagn gera. Hann hafi spurt hvort hún ætlaði að segja frá þessu, en hún hafi neitað því. Hún hafi óttast að hann myndi ráðast á sig aftur. Hún hafi ekið að [...] og hringt þá í 112. Hún hafi óttast að hann gæti gert strákunum hennar mein. Þeir séu [...] og [...] ára. Tveir lögreglubílar hafi verið komnir er hún kom heim. Hún hafi verið frosin á bremsunni. Hún hafi óttast mikið um strákana sína.

- 16 Aðspurð sagðist brotþoli hafa verið með prentara sem ákærði hafi lánað henni, spil og hamar, heima hjá sér, en hún hafi ætlað að senda ákærða þetta. Ákærði hafi áður selt syni hennar bíl, sem hafi verið skráður á nafn brotþola. Hún hafi selt bílinn og ákærði talið hana skulda sér eftir það, þar sem hann hafi haldið að bíllinn hafi selst fyrir herra verð en hann hafi fengið greitt fyrir bílinn. Hann hafi mikið reynt að hringja í hana og senda henni skilaboð vegna þess. Ferðasjóður, að fjárhæð 60 þúsund krónur, sem hafi verið í umslagi á heimili brotþola hafi verið þeirra sameiginlegi sjóður.
- 17 Brotþoli kveðst hafa verið með verki í handlegg, viðbeini og aftur fyrir háls fyrir þessa árás. Einkennin hafi versnað við átökin við ákærða. Hún hafi farið í segulómun og þá hafi verið tekin ákvörðun um að hún yrði send til bæklunarskurðlæknis í Reykjavík. Hreyfigeta í vinstri öxlinni hafi verið takmörkuð. Bólgueyðandi og verkjastillandi hafi ekki virkað. Hún hafi farið í aðgerð, þar sem hún hafi verið mynduð, liðpoki hafi verið kraminn og beinmyndun í öxlinni. Hún hafi farið í aðra segulómun 9. mars 2023.
- 18 Auk þessa hafi hún verið með marbletti, blóð á fingri og rispu á kinn eftir hníf ákærða. Brotþoli kveðst lítið fara ein eftir þetta. Hún sjái ákærða fyrir sér stökkvandi út frá einhverjum bíl á bílplaninu heima. Hún eigi erfitt með að mynda tengsl við fólk, geti ekki faðmað fólk og fái kippi þegar hún rifji þetta upp. Hún fái kvíðaköst.
- 19 Hún hafi slitið sambandi þeirra vegna samskiptaerfiðleika. Ákærði hafi oft eytt henni af Facebook og Messenger og síðan beðist fyrirgefningar og viljað vera góður. Hann hafi

stundum sent henni ljót skilaboð, en verið góður þess á milli. Hún hafi á endanum ákveðið að slíta sambandi.

- 20 Nánar aðspurð um hálstakið sagði brotapolí ákærða hafa verið ofan á henni og með kyrkingartak á henni. Hún hafi verið komin í læsta stöðu. Þegar hún hafi verið komin á bakið, hafi hún reynt að pota í augun á honum.
- 21 Hún hafi sagt lögreglunni nákvæmlega hvert ákærði hafi kastað hnífnum.
- 22 Hnífinn hafi hún fyrst séð eftir að ákærði hafi verið sestur inn í bíl hennar en þá hafi hann tekið hnífinn upp. Hann hafi þrifið í bol hennar er hún hafi ætlað út úr bílnum, en hún náð að rífa sig lausa og komist út.
- 23 Aðspurð kvaðst brotapolí ekki geta sagt til um hvort ákærði hafi borið hnífinn að andliti hennar eða líkama í átökunum, en lögreglukona hafi nefnt þetta við hana er hún sá rispur á brotapolá. Ákærði hafi ekki borið hnífinn að hálsi hennar.
- 24 *Lögreglumaður nr. B*, staðfesti skýrslu sína í málinu. Lögreglan hafi verið kölluð til er brotapolí var að aka að heimili sínu. Hún hafi verið í miklu uppnámi, óðamála og með ekka er þau ræddu við hana. Hún hafi ekki treyst sér til að fara í íbúð sína. Hún hafi setið á teppi í öikumannssætinu og verið búin að missa þvag. Ekki hafi verið sjáanlegir áverkar á henni, en lögreglumaðurinn hafi ekki leitað sérstaklega eftir því.
- 25 *A læknir nr. [...]*, staðfesti skýrslu sína í málinu. Hún kvaðst ekki hafa séð brotapolá sjálf. Hún kvaðst ekki geta staðfest hvort áverkar beri merki um að brotapolí hafi verið tekin hálstaki. Marblettir sem eru orðnir gulleitir séu ekki nýir, en erfitt sé að segja um aldur þeirra. Erfitt sé að segja um aldur marbletta. Mjög rauður marblettur gæti verið tveggja klukkustunda gamall. Dökkfjólublár marblettur gæti verið nokkurra klukkustunda gamall. Vitnið kvaðst hafa skoðað myndir sem teknar voru af brotapolá á bráðamóttöku.

Forsendur og niðurstaða

Sönnun og heimfærsla

- 26 Aðilum ber saman um að til átaka hafi komið á milli þeirra í umrætt sinn. Þeim ber hins vegar ekki saman um hvort ákærði hafi í átökunum viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Engin vitni urðu að átökum ákærða og brotapolá. Ræðst sönnun í málinu fyrst og fremst af mati á munnlegum framburðum þeirra og því hvort framburðirnir fái stoð í öðrum gögnum málsins.
- 27 Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í málinu. Ákærði viðurkenndi að hafa vitað að brotapolí hafi ekki viljað hitta hann, en hann hafi engu að síður í óþökk hennar haldið þangað sem hann taldi sennilegt að hún væri. Hann hafi gert sér grein fyrir að brotapolí hafi ekki kært sig um nærveru hans í umrætt sinn, en hann hafi engu að síður ætlað að ræða við hana. Hún hafi brugðist illa við og ýtt við honum og æpt upp. Hann hafi einungis tekið um hana í því skyni að róa hana. Hún hafi tekið því illa og þau hrasað. Hann hafi snúið sér við og sest ofan á hana og lagt hendina fyrir munn hennar til að fá hana til að hætta að öskra. Hún hafi nartað í fingur hans og þá hafi hann upplifað að hún væri hrædd

og staðið upp. Hún hafi þá einnig staðið upp, tekið utan um hann og kvatt hann. Ákærði hefur verið staðfastur í sakarneitun sinni fyrir lögreglu og fyrir dómi. Frásögn hans hefur verið stöðug í megindráttum, en þó kemur fram í henni misræmi. Þannig skýrði hann lögreglu frá því að hann hafi sest óboðinn inn í bíl brotaþola farþegamegin, en fyrir dómi kannaðist hann ekki við það og neitaði aðspurður að tjá sig um hvers vegna þetta væri haft eftir honum í lögregluskýrslu. Þá skýrði hann lögreglu svo frá að hann hafi komið elt brotaþola eftir að hún fór út úr bílnum, komið aftan að henni við bílinn og tekið um hendina á henni til að stoppa hana, sem hafi endað með slagsmálum þeirra á milli. Fyrir lögreglu kannaðist ákærði við að brotaþoli hafi skýrt honum frá því að hún hafi misst þvag af því að hún hafi verið hrædd um að hann myndi drepa hana. Tjáði hann lögreglu að það hafi ekki verið ásetningur hans, þetta hafi þróast út frá hrindingum þeirra á milli. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna til þess að brotaþoli hafi nefnt við hann að hún hafi misst þvag. Þá lýsti hann ekki hrindingum þeirra á milli, heldur gat þess einungis að brotaþoli hafi ýtt við honum, en hann tekið um hana til að reyna að róa hana. Fyrir lögreglu kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa tekið brotaþola hálstaki, en þorði ekki að fullyrða um það. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa tekið brotaþola hálstaki. Að mati dómsins veikir þetta misræmi framburð ákærða fyrir dómi og dregur úr trúverðugleika hans, en framburður hans bar þess merki að hann leitaðist við að draga úr þætti sínum í málinu og fegra sinn hlut. Þá þykir lýsing hans á atburðarásinni vera ótrúverðug þegar horft er til þess að hann leitaði brotaþola uppi og kom ósáttur og óboðinn á hennar fund.

- 28 Frásögn brotaþola hefur hins vegar verið stöðug og mun nákvæmari í öllum atriðum en frásögn ákærða. Bar brotaþoli þess merki að vera einlæg í frásögn sinni og leitaðist hún ekki við að fullyrða meira en hún taldi sig muna með vissu. Tók framburður hennar fyrir dómi sjáanlega á hana. Að mati dómsins var hún trúverðug í framburði sínum. Þá þykir frásögn hennar af atburðarásinni vera trúverðug.
- 29 Framburðir aðila einir sér geta engu að síður ekki ráðið úrslitum í málinu. Framburður brotaþola fær hins vegar stoð í áverkavottorði því sem liggur fyrir í málinu og ljósmyndaskýrslu af áverkunum, sem samræmast lýsingu hennar af málsatvikum, þó að einhverjir marblettanna kunni að hafa verið eldri. Þá styður það enn fremur frásögn hennar að hún var í mikilli geðshræringu og óttaslegin er lögreglumenn vitjuðu hennar eftir atvikið og hafði augljóslega misst þvag, eins og lögreglumaður nr. B staðfesti fyrir dómi.
- 30 Ákærða og brotaþola ber saman um að þau hafi fallið á jörðina eftir að til átaka kom. Þá hefur ákærði játað að hafa lagt hendur á brotaþola þó hún hafi verið búin að gefa honum skýrt til kynna að hún vildi ekki ræða við hann. Þykir samkvæmt því sem rakið var að framan hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gengið lengra í valdbeitingu sinni gagnvart brotaþola, en hann hefur viljað viðurkenna.
- 31 Gegn eindreginni neitun ákærða og í ljósi þess að umræddur búrhnífur fannst ekki þrátt fyrir leit lögreglu á vettvangi með málmleitartækjum, telst hins vegar ekki sannað að hann hafi verið með hníf í umrætt sinn og ógnað brotaþola með honum.

- 32 Áverkar á hálsi brotaþola og kjálkabarði styðja aftur á móti frásögn hennar um að ákærði hafi tekið hana hálstaki. Hinu sama gegnir um þá staðreynd að hún var svo óttaslegin að hún missti þvag. Verður því að hafna framburði ákærða um að hann hafi einungis lagt hendina laust yfir munn brotaþola í því skyni að kæfa óp hennar. Samkvæmt öllu því sem rakið hefur verið hér að framan telst hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem í ákæru greinir, að öðru leyti en því að hann hafi verið með hníf í átökunum og hótað að skera brotaþola á háls. Verður ákærði sakfelldur í samræmi við það.
- 33 Hvað heimfærslu brotsins til refsíákvæða varðar þykir ekki sannað að ákærði hafi tekið brotaþola hálstaki með báðum höndum og hert að, þannig að um eiginlegt kyrkingartak hafi verið að ræða, en brotaþoli sagði fyrir dómi vel geta verið að ákærði hafi aðeins tekið um háls hennar með annarri hendi. Með hliðsjón af 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður að túlka allan vafa ákærða í hag. Þykir varhugavert að slá því föstu að atлага ákærða hafi verið svo alvarleg að hún verði heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður háttsemin samkvæmt því heimfærð til 1. mgr. 217. gr. laganna.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar

- 34 Ákærði er [...] ára gamall. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar verður litið til 1., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hgl. til þyngingar. Þá þykja tengsl ákærða og brotaþola auka á alvarleika brotsins, sbr. 3. mgr. 70. gr. hgl. Ákærði á sér ekki málsbætur. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, sem rétt þykir að binda skilorði eins og í dómsorði greinir.
- 35 Að kröfu ákæruvaldsins og í samræmi við úrslit málsins og 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað málsins, þ.e. útlagðan sakarkostnað 45.648 krónur, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns Andrésar Más Magnússonar lögmanns, og þóknunar Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, tilnefnds réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi, sem ákveðin eru með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu lögmannanna eins og greinir í dómsorði að virðisaukaskatti meðtöldum. Lögmanni brotaþola verður ekki ákvörðuð þóknun vegna starfa hennar fyrir dómi í ljósi þess að engin bótakrafa var uppi í málinu og skilyrði þóttu ekki til skipunar lögmannsins sem réttargæslumanns brotaþola.
- 36 Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Eyþór Þorbergsson, aðstoðarsaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Gunnarsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu þessa dóms haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins 1.303.659 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Andrésar Más Magnússonar lögmanns, 783.432 krónur og þóknun Júlíar óskar Antonsdóttur, lögmanns, tilnefnds réttargæslumanns brotþola á rannsóknarstigi, 474.579 krónur.